

Reykjanesbæ, 13. nóvember 2023

Alþingi

Allsherjar- og menntamálanefnd

Efni: Umsögn HS Veitna um frumvarp til laga um vernd mikilvægra innviða á Reykjaneskaga. Þingskjal nr. 534, 485. mál.

Í ljósi þeirrar stöðu að innviðir sem þjóna öllu samfélaginu á Reykjaneskaga eru í verulegri hættu af völdu mögulegra náttúruhamfara, þ.e vegna eldgoss og hraunflæðis frá því er þetta mál gríðarlega mikilvægt. Gagnvart þjónustuvæði HS Veitna á svæðinu snýr þetta bæði að heitavatnsöflun og neysluvatnsöflun og gríðarlegar áskoranir sem myndu fylgja því að þessir grunninnviðir yrðu hraunflæði að bráð og þar með óstarfhæfir.

Þá er einnig rétt að áréttu að gagnvart Grindavíkurbæ snýr þessi náttúruhamfarahætta auk þess að raforkufæðingu HS Veitna til bæjarins með alvarlegum afleiðingum fyrir íbúa og fyrirtæki. Sömuleiðis snýr þetta að neysluvatni Grindvíkinga, en þar er að vatnsveita bæjarins sem sér um rekstur hennar.

Með þetta í huga styðja HS Veitur heilshugar við markmið laganna um að reynt verði að vernda þessa innviði með öllum tiltækum ráðum auk að sjálfsögðu byggðarinnar í Grindavík ef svo ber undir.

Í samhengi við þessa viðamiklu og mikilvægu aðgerðir stjórnvalda vilja HS Veitur einnig leggja áherslu á mikilvægi annarra forvarnaaðgerða sem snúa að neyðaráætlunum ef ofangreindir innviðir hitaveitu og vatnsveitu verða óstarfhæfir vegna náttúruhamfaranna.

HS Veitur, sveitarfélögin á svæðinu og HS Orka, sem vinna þær auðlindir sem hita- og vatnsveita byggja á, hafa með erindum til stjórnvalda lagt gríðarlega áherslu á undirbúning neyðaraðgerða komi til þess að hvorki heitt vatn né kalt vatn berist frá svæðinu. Snýr þetta að því geta haldið yfir 30 þúsund manna samfélagi gangandi auk þjóðhagslega mikilvægum innviðum eins og Keflavíkurflugvelli.

Með þetta í huga hafa HS Veitur og sveitarfélögin á svæðinu óskað eftir stuðningi stjórnvalda við að koma upp varaneysluvatnsbólum fyrir svæðið auk þess að leggja í rannsóknir á mögulegri lághita-nýtingu nærri núverandi byggð. Er þess vænst að þegar í stað verði gegnið frá samkomulagi hér að lútandi úr því að þessar aðgerðir eru ekki teknar inn á lagasetninguna á þessu stigi.

Þá er ljóst að það yrði gríðarlega stórt verkefni að koma upp nýrri hitaveitu á svæðinu sem þyrfti þá að kynda með hitakötlum sem myndu þurfa að nýta jarðefnaeldsneyti í því skyni. HS Veitur og sveitarfélögin á svæðinu hafa því lagt mikla áherslu á að allt sé gert af hálfu stjórnvalda til þess að undirbúa viðbrögð við þessari verstu sviðsmynd. Ljóst má vera að þessar aðgerðir eru almannavarnaráðstafanir



HS VEITUR

með sama hætti og þær ráðstafanir sem hér eru til umfjöllunar. Er því mikilvægt að stjórnvöld komi að framkvæmd þeirra með sama hætti.

Auk þess að koma framangreindum atriðum á framfæri viljum við einnig vísa til umsagnar Samorku um mál þetta.

Sé óskað frekari upplýsinga um ofangreind atriði geta fulltrúar HS Veitna að sjálfsögðu komið til fundar við nefndarfólk með skömmum fyrirvara.

***Virðingarfyllst,
f.h. HS Veitna***

Baldur Dýrjörð lögfræðingur